

64 fjármark feðra sinna eða húsbænda. Skróði og brögð á eyrum eru auðkenni, en eigi fjármörk. Um markrjettindi og sammerkingar fer svo sem í lögum er ákveðið.

Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna sauðfje sitt á vinstra horni með þessum sveitarbrennimerkjum:

- | | |
|-----------------------|-------------------------|
| i Kelduneshr. Þ. 1. | i Ljósavatnshr. Þ. 5. |
| - Húsavíkurhr. Þ. 2. | - Hálshr. Þ. 6. |
| - Helgastaðahr. Þ. 3. | - Grýtubakkahr. Þ. 7. |
| - Skútustaðahr. Þ. 3. | - Svalbarðstr.hr. Þ. 8. |

31. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, er sýslunefndin semur, og skal prenta hana svo opt er sýslunefnd álitur að þurfi og útbýta meðal búenda í sýslufjelaginu. Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimildarskjala, er fylgja ábyli hans, og skila næsta ábúanda, er hann flytur frá jörðinni.

VII. Um óskilafje.

32. gr.

Óskilafje, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða, og senda lýsingu af því í næstu sveitir. Það fje, sem óútgengið er á hausthreppamóti, seljist við uppboð af hlutaðeigandi hreppstjóra. Því fje, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa í prentuðu blaði innan þriggja mánaða.

VIII. Almennar ákvarðanir.

33. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sjerskilda fjallskilabók. Skal í hana rita skrár þær, sem um er getið í reglugjörð þessari, og allar þær ákvarðanir, er hreppsnefndin gjörir um fjallskilamálefni. Oddviti sýslunefndarinnar getur heimað endurrit af fjallskilabókinni, hvenær sem með þarf.

34. gr.

Með brot gegn ákvörðunum reglugjörðar þessarar skal fara sem almenn lögreglumál (sbr. lög 22. marz 1890).

Amtsráð Norðuramtsins, 15. dag júním. 1893.

J. Havsteen. B. G. Blöndal. Arni Jónsson. Magnús Sigurðsson.

Ólafur Briem.

65

Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins árið 1892.

Tekjur:

Kr. au.

1. Eptirstöðvar við árslok 1891:

a) Innritunarskríteini Lit. A. fol. 88 . . .	1500	»
b) Veðskuldabryjef	8860	«
	<u>Flyt 10360</u>	»

	Flutt 10360	»	
c) Í Sparisjóði Reykjavíkur	478	16	
d) 1. skuldabréf Reykjavíkur kaupstaðar	100	»	
e) Útistandandi vextir	8	»	
f) Í peningum	259	28	11205 44
2. Vextir alls á árinu			412 08
3. Styrkur úr landsjóði til búnaðarskólans í Ólafsdal			2500 »
4. Árstekjur af búnaðarskólagjaldi Vesturamtsins, og vextir 1892, lagt til búnaðarskólans í Ólafsdal, samkvæmt landsh. brjefi 13. júlí 1885 og ályktun amtsráðsins ,			999 71
5. Endurgoldin lán á árinu			» »
6. Sjóðurinn hefur ekki eignast neitt nýtt skuldabréf á árinu			» »
7. Innleyst 1 skuldabréf Reykjavíkur kaupstaðar			100 »
	Tekjur alls kr,		15217 23

Gjöld:

Kr. au.

1. Styrkur til búnaðarskólans í Ólafsdal, og til endurgjalds láni, er tekið var af amtsráðinu 1886 í landsbankanum í þarfir skólans	3764	»
2. Til jafnaðar við tekjulið 7 færast til útgjalda	100	»
3. Eptirstöðvar við árslok 1892:		
a) Innritunarskirteini Lit. A. fol. 88	1500	»
b) Veðskuldabréf	8860	»
c) Í sparisjóði Reykjavíkur	972	71
d) Útistandandi vextir	16	82
e) Í peningum	3	70
	11353	23

Gjöld alls kr. 15217 23

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 14. apríl 1893.

Kristján Jónsson,
settur.

Reikningur

66

yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi árið 1892.

Tekjur:

Kr. au.

1. Eptirstöðvar við árslok 1891	107	29
2. Styrkur úr landsjóði 1892	200	»
	Tekjur alls kr. 307 29	

Gjöld:

1. Borgað vátryggingargjald 18 ^{92/93}	12	»
2. — — — 18 ^{93/94}	10	»
	Flyt 22 »	